

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013, um veiðar á sæbjúgum.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til sæbjúgnaveiða fyrir 15. ágúst ár hvert og skal umsóknarfrestur vera 1 vika.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. júlí 2018.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*